



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Ósk um fjárveitingu, 5 mkr. á ári vegna þjónustusamnings við Alanó samtökin

Lagt er til að gengið verði til samninga við Alanó- um rekstur 12 spora húss. Áætlaður kostnaður er alls 16 m.kr. eða um 5 m.kr. á ári. Lagt er til að samningurinn gildi frá 1. nóvember 2020 fram til 31. desember 2023. Óskað er eftir 1 mkr. fjárveitingu á árinu 2020 og 5 mkr. á ári 2021 til 2023.

Greinargerð:

Með bréfi Alanó kúbbssins til borgarráðs dags. 27. júlí 2020 var lögð fram beiðni um stuðning við samtökin í formi þjónustusamnings að upphæð kr. 8.604.960 á ári til að tryggja m.a. stöðugleika í starfsemi.

Tilgangur Alanó klúbbsins er að efla 12 spora starf í landinu. Ætla má að á milli 350 – 500 manns mæti á 12 spora fundi í núverandi húsnæði klúbbsins. Skráðir félagar sem greiða stuðningsgjald til klúbbsins eru um 400 manns á ári.

Í dag stendur klúbburinn á tímamótum þar sem núverandi húsnæði að Héðinsgötu 1-3 verður rífið m.a. vegna breytts skipulags og ástands hússins. Alanó klúbburinn hefur verið í viðræðum við fasteignafélagið Reiti og hafa náð hagstæðum samningi um leigu á húsnæði að Holtavegi 10 (Holtagarðar) eða 1.550.000 kr. á mánuði fyrir 1.700 fm². Tekjur félagsins standa hins vegar ekki undir rekstri nýja húsnæðisins og því brýnt fyrir félagið að gera annarsvegar langtíma leigusamning og hinsvegar langtíma styrktarsamning. Það er mat velferðarviðs að starfsemi Alanó klúbbsins sé afar mikilvæg þeim borgurum sem nýta 12 spora fundi sem leið í sínum bata. Grundvöllur þess að starfsemi geti haldið áfram er að klúbburinn hafi trygga aðstöðu fyrir starfsemi sína og því er lagt til að gengið verði til samninga við Alanó um rekstur 12 spora húss.

Um er að ræða eftirtalin verkefni:

- Aðgengilegar upplýsingar liggi fyrir um fundadagskrá í húsinu og þá fundi sem í boði eru hverju sinni á heimasíðu 12 spora hússins.
- Útgáfa kynningabæklings/ rafrænna upplýsinga til íbúa Reykjavíkur um þá starfsemi sem fram fer innan 12 spora húss og auðveldar íbúum aðgengi að. Efnið verður sent á þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs.
- Vera tengiliður um kynningar á starfsemi einstakra klúbba innan 12 spora hússins, eftir þörfum Reykjavíkurborgar hverju sinni.
- Að upplýsa velferðarsvið um þá árlegu kynningu sem fram fer á starfsemi hinna mismunandi deilda sem starfa í 12 spora húsinu.
- Upplýsa velferðarsvið um fundi sem haldnir eru fyrir nýliða sem sækja þjónustu í 12 spora húsinu.
- Veita Reykjavíkurborg aðgang að húsnæði félagsins fyrir tiltekin verkefni sem lúta að þjónustu borgarinnar s.s. vegna funda, fræðslu og námskeiðahalds. Settir tengiliðir aðila skipuleggja slíkt sín á milli.

Meðfylgjandi eru drög að þjónustusamningi.

Staðfesting hefur borist frá innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar að efni fyrirhugaðs samnings við Alanó falli undir reglugerð nr. 1000/2016 og kaupin því ekki útboðsskyld.

Fylgiskjöl:

Drög að þjónustusamningi við Alanó- 12 spora hús.

Jafnréttisskimun